

24.09.2018 fundur MOL
R18090206

Efni: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í Mannréttinda og Lýðræðisráði Ásgerðar Jónu Flosadóttur um beint og milliliðalaust lýðræði með rafrænum kosningum í Reykjavík

Flokkur fólksins leggur fram tillögu um að Reykjavíkurborg taki upp beint og milliliðalaust lýðræði í Reykjavík þegar valdhafar borginnar ákveða framkvæmdir á umdeildum málum. Telur Flokkur fólksins það mannréttindamál að íbúar í Reykjavík gefist kostur á að segja sitt álit á málefnum áður en til framkvæmda kemur. Þá er mikilvægt að íbúar geti forgangsraðað framkvæmdum í borginni með hag þeirra sjálfra í huga. Verkefni sem eru vel til þess fallin að leggja fyrir borgarbúa í dag eru eins og borgarlínan, uppbygging á Kringlusvæðinu, í Mjóddinni, Sundabraut og lokun gatna fyrir bílaumferð í miðborg Reykjavíkur svo dæmi séu tekin.

Greinargerð

Ljóst er að þær miklu breytingar sem orðið hafa á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum síðustu áratugi kalla á breytingar á lýðræðisfyrirkomulaginu. Almenn og góð menntun, mikil tölvueign, meiri frítími en nokkurn tíma áður kallar allt á að fólk hafi miklu meira um hagi

sína að segja en áður. Sá tími er liðinn að fulltrúar almennings taki allar ákvarðanir og tímabært að færa valdið í meira mæli til fólksins. Netíð býður upp á rafrænar kosningar til að auka stórum beint og milliliðalaust lýðræði.

Hlutverk og tilgangur þessarar tillögu er að þróa lýðræðið áfram í ljósi aukinnar menntunar fólks og betra aðgangs að upplýsingum sem leiðir til þess að hinn almenni borgari getur nú tekið ákvarðanir í formi beins lýðræðis um mörg meginmál samfélagsins.

Virðingarfyllt,

Ásgerður Jóna Flosadóttir varaborgarfulltrúi Flokks fólksins.